

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 19. október 2020.

Efni: Umsögn við frumvarp til fjárlaga 2021. 151. löggjafarþing 2020-2021. 1. þingmál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar áformum um breytingu á fjárveitingu til verkefna sem snúa að fjölgun fagstétta sem starfa í heilsugæslunni og eftirfylgni geðheilsuteyma í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. Félagið fagnar einnig áformum um að leggja 100 m.kr. í að efla sálfélagslega þjónustu innan heilsugæslunnar með áherslu á börn og unglunga sem lið í félagslegum úrræðum ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 faraldursins. Í því samhengi vill félagið benda á mikilvægi þess að ráðnir verði félagsráðgjafar ekki síður en sálfræðingar til að sinna sálfélagslegri þjónustu innan heilsugæslunnar.

Það eru hins vegar vonbrigði að félagsráðgjafar skuli ekki vera taldir með þeim fagstéttum sem sinna sérfræðiþjónustu og hjúkrun, líkt og sérgreinalæknar, tannlæknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og ljósmæður sem veita sérhæfða þjónustu utan sjúkrahúsa. Félagsráðgjafafélag Íslands bendir á að margar fagstéttir þar á meðal félagsráðgjafar veita samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum. Nálgun ólíkra fagstétta á andlegum vanda er ólík og því brýnt að halda því til haga að engin ein aðferð eða meðferð er réttari en önnur. Markmið þjónustunnar er það sama, það er að bæta líðan og lífsgæði þeirra sem óska eftir samtalsmeðferð og telja sig þurfa á henni að halda. Telur félagið mikilvægt að vekja athygli á þessum þætti svo að þeir einstaklingar sem þurfi að leita sér aðstoðar vegna sálfélagslegs vanda hafi val um sem fjölbreyttust úrræði. Það eru einnig vonbrigði að ekki skuli vera tyggt fjármagn til að framfylgja ákvörðun Alþingis frá 30. júní 2020 um lagabreytingu sem felur í sér að greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga nái til samtalsmeðferðar, það er almenna sálfræðiþjónustu og önnur klíník viðtalsúrræði, þar með talið félagsráðgjöf.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir viðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður